

PFAFF®



expression™ line

Leiðarvísir

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennisplaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í henni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött)



Vinsamlegast athugið að ef þessu tæki verður fargað, þá verður að endurvinna það í samræmi við landslög sem gilda um förgun rafmagns/elektrónískra tækja. Ef þið eruð í vafa þá hafið samband við seljanda tækisins.



Til hamingju!

Já til hamingju með nýju PFAFF® saumavélina. Þú hefur eignast alveg sérstaklega vandaða saumavél sem uppfyllir nýjustu kröfur í sambandi við hönnun og tækni, og hún getur hjálpað þér að breyta hugmyndum þínum í raunveruleika.

En áður en þú byrjar að nota saumavélina viljum við biðja þig að lesa þennan leiðarvísi. Þú kemst fljótt að því hvernig þú getur haft sem mest not af þessari vél og svo getur þú einnig ávallt leitað til PFAFF® umboðsins sem mun gjarnan hjálpa þér við að leysa úr vandamálum sem þú e.t.v. rekst á.

PFAFF® expression™ vélin mun áreiðanlega verða til þess að þú upplifir nýjar víddir í sambandi við sauma!

Innihald

1

Inngangur

1:5

Yfirlit yfir vél.....	1:6
Framhlið.....	1:6
Séð ofan frá.....	1:6
Bakki fyrir fylgihluti.....	1:7
Fylgihlutir.....	1:7
Saumfætur.....	1:8
Yfirlit yfir sauma.....	1:9
Nytjasaumar.....	1:9
Saumar fyrir bútautum.....	1:11
Listsaumar.....	1:11
Skrautsaumar.....	1:11
Stafróf.....	1:12

2

Undirbúningur

2:1

Vélin tekin upp.....	2:2
Tengd við rafmagn.....	2:2
Gengið frá að saum loknum.....	2:3
Díóðu ljós.....	2:3
Fríarmur.....	2:3
Tvinnahnífur.....	2:3
Keflispinnar.....	2:3
Þræðing á vél.....	2:4
Spólað á spóluna.....	2:6
Spólan sett í vélina.....	2:7
Efri flytjarinn (IDT Integrated Dual Feed).....	2:7
Electrónísk hnélyfta (4.2).....	2:8
Nálar.....	2:8
Skipt um nál.....	2:9
Flytjarinn tekinn úr sambandi.....	2:9
Skipt um saumfót.....	2:9
Hnappar á quilt expression™ 4.2.....	2:11
Hnappar á expression™ 3.2.....	2:13
Valmynd fyrir stillingar.....	2:15

3

Saumað

3:1

Sauma aðgerð - yfirlit.....	3:2
Spor eða saumur valinn.....	3:2
Sauma ráðleggingar.....	3:2
Stillingar á saumum.....	3:3
Speglun sauma.....	3:4
Heftingar - valkostir.....	3:4
”Tapering” saumar.....	3:5
Hraðastilling.....	3:5
Persónulegir saumar.....	3:6
Saumataækni.....	3:7
Bútautum með handavinnuútliti.....	3:7
Ístopp.....	3:7
Fríhendis staða (3.2).....	3:8
Hnappagöt.....	3:8
Algengir sprettigluggar.....	3:10

4

Saumaraðir

4:1

Saumaraðir - yfirlit.....	4:2
Búa til saumaröð.....	4:2
Nota stafróf.....	4:3
Stjórna saumaröðinni.....	4:4
Sauma saumaröð.....	4:4

5

Viðhald


5:1

Hreinsun á vél.....	5:2
Skipt um stingplötu.....	5:2
Gangtruflanir og ráð við þeim.....	5:3

Inngangur 1



Yfirlit yfir vél




Framhlið

1. Lok með myndum af saumum og mælistiku
2. Þræðiraufar
3. Tvinnahnífur
4. Tengill fyrir "sensomatic" hnappagatafót
5. Díóðu ljós
6. Inbyggður þræðari fyrir nál
7. Nálstöng
8. Tvinnastýring
9. Stingplata
10. Lok yfir grípara
11. Friarmur
12. Saumfótur
13. Efri flytjarinn (IDT™ system)
14. Fótstöng og fóthalda
15. Festiskrúfa fyrir nál
16. Fótlyfta (3.2)
17. Hnappar og skjár
18. Handhjól
19. Aðalrofi, tenglar fyrir rafmagn og fótmótstöðu
20. Renniloka til að taka flytjara úr sambandi
21. Tenging fyrir hnélyftu (4.2)

Séð ofan frá


22. Forspenna fyrir þræðingu og spólun
23. Tvinnastýringar fyrir spólun
24. Tvinnastýringar
25. Tvinnastýringar fyrir spólun
26. Tvinnahnífur fyrir spólutvinna
27. Þrýstistöng og spindill á spólara
28. Auka keflispinni
29. Skífur á keflispinna
30. Keflispinni
31. Tvinnaspenna
32. Þráðgjafi



Bakki fyrir fylgihluti


Í bakkanum fyrir fylgihlutina eru sérstök hólfi fyrir saumfætur og spólur og auk þess rými fyrir nálar og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina í bakkanum þannig að þeir séu ávllt aðgengilegir.

33. Rými fyrir fylgihluti
34. Fjarlægjanlegur bakki fyrir saumfætur
35. Fjarlægjanlegur spóluhaldari



Fylgihlutir






36. Tvinnanet
37. Jaðarstýring
38. Filtskífur
39. Skrúfjárn
40. Sprettihnífur
41. Bursti
42. Skífa fyrir tvinnakefli - stór
43. Skífa fyrir tvinnakefli - meðal
44. Skífa fyrir tvinnakefli - lítil
45. Alhliða áhald
46. Spólur
47. Hnélyfta (4.2)



Fylgihlutir sem ekki eru sýndir á mynd

- Fótómótstaða
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar

Saumfætur

	Venjulegur saumfótur 0A - einnig fyrir efri flytjara (er á vélinni þegar hún er afgreidd) Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak með sporlengd sem er lengri en 1,0 mm.
	Útsaumsfótur 1A og einnig fyrir efri flytjara Þessi fótur er aðallega notaður fyrir útsaumsspor. Raufin undir honum hentar vel til að renna yfir sporin..
	Útsaumsfótur 2A Hentar vel þegar verið er að sauma skrautsauma, stutt zik zak spor og aðra nytjasauma með sporlengd minni en 1,0 mm. Raufin undir honum hentar vel til að renna yfir sporin.
	Blindsaumsfótur 3 - einnig fyrir efri flytjara Þessi fótur er notaður við blindfalda. Táin á fætinum stýrir efninu. Rauða stýringin á fætinum er hönnuð til að láta faldbrúnina renna meðfram henni.
	Rennilásafótur 4 - einnig fyrir efri flytjara Hægt er að smella þessum fæti á fóthölduna hvort sem er vinstra eða hægra megin við nálina, sem auðveldar ykkur að sauma þétt upp að tönnunum beggja megin. Færið nálina til hægri eða vinstri til að sauma nálægt lásnum.
	"Sensormatic" hnappagatafótur 5A Þegar hann er tengdur við vélina, saumast hnappagatið í hentugri lengd fyrir töluna sem hefur verið stillt inn í vélina.
	Hnappagatafótur fyrir handgerð hnappagöt 5M Þessi hnappagatafótur er fyrir handgerð hnappagöt. Notið merkin á fætinum til að staðsetja jaðarinn á flíkinni. Hakið aftan á fætinum er fyrir undirleggsþráð fyrir hnappagöt á teygjanleg efni.
	Útsaums "Sensormatic" fríhendis fótur 6A (4.2) Þessi fótur er notaður fyrir útsauma og fríhendissauma. Einnig er hægt að nota þennan fót fyrir ístopp.
	Bútaumsfótur 6,3mm (1/4") - einnig fyrir efri flytjara (4.2) Þessi fótur hentar mjög vel til að sauma búтана saman og almennt fyrir bútautum, og sérstaklega ef hann er notaður með stingplötu fyrir beina sauma. Fjarlægðin frá nálinni og ytri brún fótarsins er 1/4" (6mm) og frá nálinni og innri brún fótarsins er 1/8" (3mm).
	Fríhendis og ístoppsfótur (3.2) Setjið pinnann á fætinum eins langt og hann kemst í gatið sem er aftan til á fóthöldunni. "C-lagaða" stýringin á að liggja upp að fótstönginni. Langi armurinn verður að liggja fyrir aftan nálarhölduna. Herðið skrufuna.

Áriðandi: Fullvissið ykkur um að efri flytjarinn sé ekki í sambandi þegar þið notið fætur 2A, 5A, 5M, 6A og fríhendis og ístoppsfótinn.

Yfirlit yfir sauma

Nytjasaumar

Spor	Spor númer		Nafn	Lýsing
	4.2	3.2		
	1	1	Beint spor	Fyrir alla beina sauma og stungusauma. Hægt er að velja um 37 mismunandi stillingar fyrir nálina í fætinum. <i>Ath: Þessi saumur býr til sterkari heftingar en spor 52 (4.2) / 43 (3.2).</i>
	2	2	Teygianlegt þriggja þrepa beint spor	Fyrir sauma sem mikið reynir á. Sporið teygist eins og efnið sjált. Hentugt á skrefsauma og sauma á íþróttafatnað svo og fyrir stungusauma.
	3	3	Beint spor afturábak	Saumar stöðugt afturábak
	4	4	Þræðispor	Saumar aðeins eitt spor í einu og þið ákveðið síðan lengdina á sporinu með því að færa efnið til. Mjög hentugt til að þræða flíkur til mátunar.
	5	5	Zik zak spor	Til að kasta sauma, fyrir applikeringar, blúndur o.fl.
	6	6	Zik zak spor	Til að kasta sauma, fyrir applikeringar og teygjanlega sauma
	7	7	Z-Zik zak spor	Applikeringar, kóssa o.fl.
	8	8	Teygianlegt þrefalt zik zak	Til að sauma skrautlega falda og fyrir stungusauma.
	9	9	Þriggja þrepa zik zak spor	Til að sauma teygjur á efni, setja í batur og gera við rifur á teygjanlegum efnum.
	10	10	Teygianlegur saumur	Til að sauma teygjur í íþrótt og sundfatnað
	11	11	Teygianlegur þriggja þrepa saumur	Til að sauma teygjur á efni, setja í batur og gera við rifur.
	12	12	Króksaumur	Fallegur saumur á teygjanleg efni og einnig fyrir falda. Einnig hægt að nota hann með teygjutvinna á spólunni.
	13	13	Fjaðrasaumur	Til að sauma saman efni og bútasaumsvatt. fallegur saumur fyrir bútasaum og faldsauma.
	14	14	Teygianlegt skrautspor	Tengispor fyrir undirfatnað, frotté, leður og þykkari efni.
	15	15	Króksaumur	Sterkur og teygjanlegur saumur sem hentar á falda á teygjanleg efni.
	16	16	Blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á ofin efni.
	17	17	Teygianlegt blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á teygjanleg efni
	18	18	Teygianlegt “tricot” spor	Fyrir sauma á teygjanleg efni
	19	19	Lokað overlockspor	Til að sauma efni saman og ganga frá jöðrum í einum saum
	20	–	Lokað overlockspor	Til að sauma efni saman og ganga frá jöðrum í einum saum
	21	20	Lokað overlockspor	Til að sauma efni saman og ganga frá jöðrum í einum saum. Jadarinn er með jadarþræði.
	22	21	Teygianlegt overlockspor	Til að sauma saman teygjanleg efni og ganga frá jöðrum í einum saum. Jadarinn er með jadarþræði
	23	–	Venjulegt overlockspor	Saumar efnin saman og gengur frá jaðrinum í einum saum

Spor	Spor númer		Nafn	Lýsing
	4.2	3.2		
	24	22	Overlock	Saumar teygjanleg efni saman og gengur frá jaðrinum í einum saum.
	25	23	Lokað overlockspor	Til að sauma saman efni og ganga frá jöðrum í einum saum.
	26	24	Teygjanlegt overlock fyrir prjón	Saumar teygjanlegt prjón saman og gengur frá jaðri í einum saum.
	27	–	Styrkt overlockspor	Saumar teygjanleg efni saman og gengur frá jaðrinum í einum saum.
	28	–	Frágengið jaðaroverlock	Saumar teygjanleg efni saman og gengur frá jaðri í einum saum.
	29	25	Faldaumur	Saumar eftirlíkingu af jaðarfaldi fyrir teygjanleg efni.
	30	26	Opinn overlock blindfaldur	Búa til skrautlegan overlock blindfald á teygjanleg efni.
	31	–	Lokaður overlock blindfaldur	Búa til skrautlegan overlock blindfald á teygjanleg efni.
	32	27	Skyrtuhnappagat	Hnappagöt fyrir blússur, skyrtur og sængurver.
	33	28	Venjulegt hnappagat	Venjulegt hnappagat fyrir blússur, skyrtur og jakka. einnig fyrir koddaver.
	34	29	Ávallt hnappagat með hala	Hnappagat fyrir ýmsar flíkur
	35	30	Ávallt hnappagat með langsum heftingu	Hnappagat fyrir ýmsar flíkur
	36	31	Augahnappagat með hala	Klæðskerahnappagat eða skrauthnappagat
	37	32	Augahnappagat með langsum heftingu	Klæðskerahnappagat fyrir jakka og buxur.
	38	33	Ávallt hnappagat	Hnappagat fyrir léttar flíkur og jakka
	39	34	Teygjanlegt hnappagat	Hnappagat fyrir teygjanleg efni
	40	–	Krosssaums hnappagat	Skrautlegt hnappagat.
	41	–	Skrautlegt augahnappagat	Skrautlegt hnappagat fyrir jakka
	42	–	Aldamóta ávallt hnappagat	Skrautlegt aldamóta hnappagat
	43	35	“Paspel” hnappagat	Með aukalegu skurðarrými fyrir “paspel” hnappagöt (beint spor)
	44	36	Töluúfesting	Til að festa tölur og fyrir heftingar.
	45	37	Kóssar	aldamótakóssar
	46	38	Forritanlegt ístoppsspor	Til að gera við göt og rifur í fatnaði.
	47	39	Forritanlegt styrkt ístoppsspor	Styrktur viðgerðarsaumur fyrir skemmd efni.

Spor	Sor númer		Nafn	Lýsing
	4.2	3.2		
	48	40	Hefing	Fyrir styrkingar á vasaopum, pilsklaufum o.fl.
	49	41	Gallabuxna hefting	Fyrir styrkingu á vasaopum o.fl.
	50	42	Skrauthefting	Fyrir styrkingar á vasaopum o.fl.
	51	–	Kross hefting	Fyrir heftingar á vasaopum, saumum o.fl.

Bútasaumasspor

Spor																								
4.2	52*	53	54	55	56	57	58	59	60	61	62	63	64	65	66	67	68	69	70	71	72	73	74	75
3.2	43*	44	45	46	47	48	49	50	51	–	52	–	53	–	54	55	–	56	57	58	59	–	60	–

Spor																							
4.2	76	77	78	79	80	81	82	83	84	85	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97	98
3.2	61	62	–	–	63	–	64	65	66	–	67	–	68	69	–	70	71	72	73	–	–	–	74

Listsaumar

Spor																								
4.2	99	100	101	102	103	104	105	106	107	108	109	110	111	112	113	114	115	116	117	118	119	120	121	122
3.2	75	76	77	78	–	79	80	81	82	83	–	84	85	–	86	87	88	89	90	91	92	93	94	–

Spor														
4.2	123	124	125	126	127	128	129	130	131	132	133	134	135	136
3.2	95	96	97	–	98	99	100	101	102	103	104	105	106	107

Skrautsaumar

Spor																								
4.2	137	138	139	140	141	142	143	144	145	146	147	148	149	150	151	152	153	154	155	156	157	158	159	160
3.2	108	109	110	111	112	113	114	115	116	117	–	118	119	120	121	122	123	124	125	126	127	128	129	130

Spor																								
4.2	161	162	163	164	165	166	167	168	169	170	171	172	173	174	175	176	177	178	179	180	181	182	183	184
3.2	–	–	131	132	133	134	135	136	–	137	138	139	140	141	142	143	144	145	146	–	147	148	149	150

Spor																								
4.2	185	186	187	188	189	190	191	192	193	194	195	196	197	198	199	200	201	202	203	204	205	206	207	208
3.2	151	152	153	154	155	156	157	158	159	–	160	161	162	163	164	–	165	166	–	167	168	–	169	170

* Þessi saumur er með falglegri heftingu en saumur 1.

Undirbúningur 2



Vélin tekin upp

1. Setjið kassann á stöðugan flöt. Lyftið vélinni upp úr kassanum, fjarlægið ytri pakkningar og lyftið lokinu af vélinni.
2. Fjarlægið allar ytri pakkningar og plastpokann.
3. Rennið hólfinu fyrir fylgihlutina og fjarlægið plaststykkinn innan úr því. *Ath: Plast sem skilið er eftir í hólfinu getur haft áhrif á útlit og gæði sporanna. Plastið er eingöngu fyrir þökkun og á því að fjarlægjast.*

Ath: PFAFF® Expression™ saumavélin er stillt þannig að hún saumi sem best við eðlilegan herbergishita. Mikill kuldi og mikill hiti geta haft áhrif á vélina.

Vélin tengd við rafmagn





Á meðal fylgihlutanna finnið þið rafmagnsleiðsluna og fótómótstöðuna.

Ath: Áður en þið tengið fótómótstöðuna, fullvissið ykkur um að hún sé af gerðinni "FR5" (sjá neðan á fótómótstöðunni).

1. Náið í snúruna fyrir fótómótstöðuna. Snúið fótómótstöðunni við. Tengið snúruna við tengilinn innan á fótómótstöðunni. Þrýstið snúrunni vel í tengilinn til að tryggja að hann sitji rétt. Leggið snúruna síðan í raufina sem er neðan á fótómótstöðunni.

Ath: Það er eingöngu nauðsynlegt að tengja snúruna við fótómótstöðuna í fyrsta sinn þegar þið takið véina í notkun.

2. Tengið snúruna úr fótómótstöðunni í fremri tengilinn neðst á hægri hlið vélarinnar (A).
3. Tengið rafmagnsleiðsluna í aftari tengilinn neðst á hægri hlið vélarinnar (B). Tengið snúruna síðan við vegg tengil.
4. Ýtið á aðalrofan ON/OFF og setjið hann á ON til að kveikja á vélinni og ljósi hennar (C).



Gengið frá að saum loknum

1. Slökkvið á aðalrofanum.
2. Takið rafmagnsleiðsluna úr sambandi við vegg tengil og síðan úr vélinni.
3. Takið snúruna frá fótmótstöðunni úr tengli vélarinnar. Vefjið snúrunni utan um fótmótstöðuna.
4. Gangið frá öllum fylgihlutum í hólfið fyrir þá og rennið hólfinu að vélinni utan um fríarminn.
5. Setjið fótmótstöðuna í rýmið fyrir ofan fríarminn.
6. Setjið lokið yfir vélina.

Díóðu lýsing

Vélin er með díóðu lýsingu sem dreifir ljósinu vel yfir vinnuflötinn og kemur í veg fyrir skugga.

Fríarmur

Til að nota fríarminn, fjarlægið þið hólfið fyrir fylgihlutina. Þegar það er á vélinni heldur krókur því fast við vélina. Fjarlægið hólfið með því að renna því til vinstri.

Tvinnahnífur



Til að nota tvinnahnífinn, togið þið tvinnana aftan frá og fram á við eins og sýnt er myndinni(A).

Keflispinnar


Á vélinni eru tveir keflispinnar, aðalkeflispinni og aukalegur keflispinni. Þeir eru hannaðir fyrir allar gerðir af tvinnakeflum. Aðal keflispinninn er stillanlegur og hægt er að nota hann hvort sem er í láréttri (tvinninn rennur fram af keflinu) eða lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Notið lárettu stöðuna fyrir flesta venjulega tvinna en lóðréttu stöðuna fyrir stærri kefli og sérstakan tvinna.

Lárétt staða

Setjið skífu og tvinnakefli á keflispinnann. Fullvissið ykkur um að tvinninn renni af keflinu og rennið nú annarri skífu á keflispinnann. Notið skífu sem er aðeins stærri en tvinnakeflið. Fyrir mjó kefli notið þið litla skífu, en fyrir stærri kefli notið þið stærri skífurnar fyrir framan keflið. Flata hlið skífunnar á að liggja þétt upp að tvinnakeflinu og það á aldrei að vera bil á milli skífunnar og keflisins.



Lítill skífa fyrir keflispinna



Stór skífa fyrir keflispinna

Lóðrétt staða


Lyftið keflispinnanum í lóðréttu stöðu. Setjið stóra skífu undir tvinnakeflið og síðan filtskífu ofan á hana undir tvinnakeflið. Það er til að keflið snúist ekki of hratt.

Setjið ekki skífu ofan á tvinnakeflið þegar þið notið lóðréttu keflispinnann - það gæti hindrað keflið í að snúast.


Aukalegi keflispinninn

Aukalega keflispinnann notið þið þegar þið þurfið að spóla á spóluna af öðrum keflispinna eða þegar þið saumið með tvíburanál.

Lyftið aukalega keflispinnanum. Setjið stóra skífu á hann og filtskífu undir tvinnakeflið.



Aðal keflispinni í lóðréttri stöðu





Aukalegur keflispinni og aðal keflispinni í lóðréttri stöðu.

Vélin þrædd

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu.

1. Setjið tvinnakeflið á keflispinnann og skífu í réttari stærð fyrir framan það.
2. Togið tvinnann í tvinnastýringuna (A) framan frá. Togið tvinnann hægra megin frá undir stýringuna fyrir spólarann (B) á forspennu diskunum (C).
3. Farið með tvinnann niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp þá vinstri.
4. Leggið tvinnann hægra megin frá í þráðgjafann (D) og síðan niður eftir vinstri þræðiraufinni að tvinnastýringunni fyrir nálina (E).
5. Þræðið nálina.





quilt expression™ 4.2

Þræðari fyrir nál

Þræðarinn fyrir nálina gerir þræðingu á henni svo til sjálfvirka. Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þið notið þræðarann. Við ráðleggjum ykkur einnig að setja saumfótinn niður.

1. Þrýstið á handfangið til að ýta þræðaranum alla leið niður. Krókurinn á þræðaranum (G) snýst og fer í gegn um nálaraugað.
2. Leggið tvinnann aftan frá yfir krókinn (H) og undir tvinnakrókinn á þræðaranum (G).
3. Látið þræðarann nú fara hægt og rólega til baka. Krókurinn togar nú tvinnalykkjuna í gegn um nálaraugað. Togið tvinnann í gegn um nálaraugað.


Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir venjulegar nálar í grófleikum 70-120. Þið getið ekki notað þræðarann fyrir fínustu nálarnar nr. 60, ekki fyrir húllsaums eða tvíburanálar eða þríburanálar. Einnig eru til nokkrir aukalegir fylgihlutir þar sem ekki er hægt að nota þræðarann, og þá verður að handþræða nálina.



Þræðing fyrir tvíburanál


Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullllvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu.


1. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og setjið skífu af réttari stærð fyrir framan það. Lyftið aukalega keflispinnanum. Setjið stóra skífu á hann og filtskífu og setjið síðan tvinnakefli á pinnann.
2. Togið tvinnana inn í tvinnastýringuna (A) framan frá og aftur. Togið báða þræðina hægra megin frá undir tvinnastýringuna fyrir spólunina (B) sem er á forspennunni fyrir spólun (C).
3. Þræðið niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri en gætið þess að annar tvinninn fari vinstra megin og hinn tvinninn fari hægra megin við tvinnaspennudiskinn (D).
4. Leggið tvinnana hægra megin frá í þræðgjafann (E) og farið síðan niður eftir vinstri þræðiraufinni. Látið síðan annann tvinnann vera fyrir innan tvinnastýringuna (F) og hinn fyrir utan hana. Gætið þess að tvinnarnir flækist ekki saman.
5. Þræðið nálarnar.



quilt expression™ 4.2

Ath: Ef þið eruð að nota sérstakan tvínna (eins og t.d. málmtvínna) þá getur grófleiki hans og óreglulegt þvermál haft áhrif á tvinnaspennuna. Þið gætuð því þurft að minnka aðeins á tvinnaspennunni til að forðast nálarbrot.





Spólað á spóluna



Spólað frá láréttri stöðu

1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið vörumerkið snúa upp. Notið eingöngu "original" PFAFF® spólur í þessa vél.
2. Setjið tvinnakefli á lárétta keflispinnann. Þrýstið skífu þétt upp að tvinnakeflinu.
3. Leggið tvinnann í tvinnastýringuna (A) framan frá og aftur. Togið tvinnann rangsælis fyrir ofan tvinnastýringuna fyrir spólarann (B) og síðan í stýringarnar fyrir spólarann (C) að aftan.

Ath: Fullvissið ykkur um að tvinninn sé örugglega togaður inn á milli skífanna í forspennunni til að spennan á honum verði rétt.

4. Þræðið tvinnann innan frá og út í gegn um gatið á spólunni (D).
5. Þrýstið á spólarann til hægri til að byrja spólun. Sprettigluggi kemur á skjáinn og lætur ykkur vita að spólun sé virk. Stígið á fótmótstöðuna til að byrja spólun.

Þegar spólan er orðin full, hægir spólarinn á sér og stöðvast síðan sjálfkrafa. Sprettiglugginn lokast. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með því að nota hnífinn fyrir spólunina (E).




Bobbin winding
active

Spólað í gegn um nálina

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu. Spólið aðeins í gegn um nálina þegar þið eruð með saumfætur úr málmi á vélinni.


Leggið tvinnann frá nálinni undir saumfóttinn og síðan upp í gegn um vinstri þræðiraukina og þaðan í þræðilykkjurnar fyrir spólunina (C). Farið síðan eftir þrepum 4 og 5 hér að ofan.



Spólan sett í vélina

1. Fjarlægjið lokið yfir gríparanum með því að renna því að ykkur.
2. Leggið spóluna í spóluhúsið þannig að vörumerkið á spólunni snúi upp og tvinninn renni af spólunni til vinstri. Spólan mun þá snúast rangsælis þegar þið togið í tvinnann.
3. Leggið finger á spóluna þannig að hún snúist ekki um leið og þið togið tvinnann ákveðið til hægri og síðan til vinstri þannig að hann fari undir spennifjöðrina (A) þar til hann "smellur" á sinn stað.
4. Haldið áfram og þræðið í kring um (B) og síðan hægra megin við tvinnahnífinn (C). Setjið lokið aftur á sinn stað. Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann.

Ath: Hægt er að nota lokið sem stækkunargler.



Efri flytjarinn

Til að geta saumað öll efni á auðveldan hátt er PFAFF® expression™ saumavélin með einfalda en góða lausn: EFRI FLYTJARANN eða það sem allað er IDT™ system (Integrated dual feed). Þetta vinnur eins og á iðnaðarvélum, efnið er flutt jafnt bæði að neðan og að ofan á sama tíma. Efnið er á þann hátt flutt örugglega og kemur í veg fyrir að efnið færast til eða misflytjist eins og oft vill koma fyrir þunn efni eins og rayon og silki. Þetta kemur sér einnig mjög vel í bútaumi og ekki síst þegar verið er að sauma saman röndótt eða köflótt efni.


Efri flytjinn settur í samband

Áríðandi: Á við alla vinnu með efri flytjaranum saumfætur verða að vera með rauf að aftan (D).

Lyftið saumfætinum. Þrýstið efri flytjaranum niður á við þar til hann smellkur á sinn stað.

Efri flytjarinn tekinn úr sambandi

Lyftið saumfætinum, haldið um efri flytjarann með tveimur fingrum þar sem hann er rifflaður. Togið efri flytjarann niður á við, og síðan frá fætinum og leyfið honum að fara rólega upp á við í geymslustöðu sína.




Electrónísk hnélyfta (4.2)

Á þessari tegund er einnig elektrónísk hnélyfta fyrir saumfótinn.

Stingið hnélyftunni í gatið fyrir hana á vélinni. Stillið síðan rétthyrndu stöngina á hnélyftunni (A) þar til hún er staðsett í þægilegri hæð fyrir ykkur. Ef þið ýtið á hnéflyftuna til hægri, þá fer saumfóturinn upp, og þið getið fært efnið til með báðum höndum.

Til að fjarlægja hnélyftuna togið þið hana bara einfaldlega beint út úr gatinu.



Nálar

Nálin í saumavélinni leikur stórt hlutverk í vel heppnuðum saum. Notið eingöngu hágæða nálar. Notið eingöngu nálar af gerðinni 130/705H. Nálar sem fylgja með vélinni í upphafi eru sýnishorn af þeim nálaum sem mest eru notaðar.

Alhliða nálar (B)

Alhliða nálar eru með nokkuð rúnnan odd og hægt er að fá þær í ýmsum grófleikum. Þær eru fyrir allan almennan saumaskap á ýmis efni og grófleika þeirra.

”Stretch” nálar (C)

Fyrir teygjanleg efni ”Stretch” nálar eru með sérstakt úrtak sem kemur í veg fyrir að vélin hlaupi yfir spor þegar efnið gefur eftir. Fyrir þrjú efni, sundfatnað, flís, gerfileður og leður. Þær eru merktar með gulri rönd.

Útsaums nálar (D)


Útsaumsnálar eru einnig með sérstöku úrtaki, nokkuð rúnnuðum oddi og nokkuð stærra auga en venjulegar nálar til að koma í veg fyrir skemmdir á tvinnanum og efninu. Notið þær þegar þið notið málmpæði eða aðra sérteka tvinna við útsauma og skrautsauma. Þær eru merktar með rauðum hring.

”Denim” Gallabuxnanálar (E)

”Denim” nálar eru með mjög hvössum oddi til að geta farið auðveldlega í gegn um hörð og þykk ofin efni án þess að nálin svigni. Fyrir tjalddúk, gallabuxnaefni og efni úr micro-þráðum. Merkt með bláum hring.

”Wing” húllsaumsnálar (F)

”Wing” nálar eru með breiða ”vængi” á hliðunum til að gera göt í efnið þegar þið eruð að sauma húllsauma og svipaða faldauma á efni úr náttúrulegum þráðum. Minnkið sporbreiddina til að ná sem bestum árangri.




Ath: Skiptið oft um nálar. Notið ávallt beinar nálar með góðum oddi (G).

Skemmd nál (H) getur orsakað að vélin hleypur yfir spor, slit á tvinna. Skemmd nál getur einnig skemmt stingplötuna.

Notið aldrei tvíburanálar sem eru ekki settar saman út frá miðju leggsins (I) því þær geta skemmt vélina.


Skipt um nál

1. Notið gatið í alhliðaáholdinu til að halda nálinni.
2. Losið um skrúfuna sem heldur nálinni. Notið skrúfjarnið ef nauðsyn krefur.
3. Fjarlægið nálina.
4. Setjið nýju nálina í alhliða áhaldið. Ýtið nálinni eins langt upp og hún kemst og gætið þess að flati kanturinn snúi aftur.
5. Herðið skrúfana vel.



Flytjarinn tekinn úr sambandi


Þið getið tekið flytjarann úr sambandi með því að færa rennilokuna framan á vélinni til vinstri. Færið hana síðan aftur til hægri þegar þið viljið setja flytjarann aftur í samband.



Skipt um saumfót

Fjarlægið saumfótinn


Þrýstið á saumfótinn niður á við þar til hann losnar af fóthöldunni.




Saumfótur settur á

Setjið saumfótinn undir fóthölduna, þannig að þegar fótstöngin er sett niður þá falli pinnarnir í saumfætinum í raufarnar á fóthöldunni.

Ath: Gáið að því hvort fóturinn sé ekki rétt settur á með því að lyfta honum upp.



Hnappar á quilt expression™ 4.2



Nálin stoppar uppi eða niðri - með gaumljósi (1)

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálina annaðhvort efst eða neðst. Stillingin fyrir nálina breytist um leið. Þegar nálin niður er gert virkt, kviknar á ljósinu og nálin stöðvast í neðstu stöðu og saumfóturinn lyftist í sveifluhæð.

Þið getið einnig komið snöggst við fótómótstöðuna til að setja nálina í efstu eða neðstu stöðu.

Byrjð á saum frá byrjun hans (2)

Ef þið hafið þurft að stöðva í miðjum saum, getið þið ýtt á "byrja frá upphafi" (restart) til að byrja sauminn frá byrjun, án þess að breyta nokkrum öðrum stillingum fyrir þennan ákveðna saum.

Ef þið ýtið á þennann hnapp á meðan þið eruð að sauma, lýkur vélin við sauminn og stöðvast síðan.

Hraðastilling (3)

Ýtið á "hraðasillingu" til að sauma á hægari hraða. Tákn kemur á skjáinn og sýnir hversu hratt vélin saumar. Haldið við hnappinn og notið hjólið (16) til að breyta saumahraðanum.

Ath: Þið getið ekki valið meiri hraða en sjálfgefinn hamarkshraða fyrir hvern saum.

Tvinnaklippa og gaumljós (4)

Ýtið á þennan hnapp þegar vélin er ekki að sauma og vélin klippir þá bæði yfir og undirtvinnann og lyftir saumfætinum og nálinni í efstu stöðu.

Til að klippa áður en nálin fer í byrjunarstöðu fyrir næsta saum, ýtið þið á hnappinn fyrir tvinnaklippingu á meðan þið eruð að sauma. Það kviknar á ljósinu fyrir tvinnaklippuna.

Afturábak (7) og gaumljós (5)

Til að sauma stöðugt afturábak ýtið þið á hnappinn áður en þið byrjið að sauma. Það kviknar á ljósinu (5) og vélin saumar afturábak þar til þið ýtið aftur á hnappinn til að hætta afturábak saum.

Ef þið snertið þennan hnapp á meðan saumað er, þá saumar vélin afturábak á meðan þið haldið við hnappinn. Það kviknar á ljósinu svo lengi sem haldið er við hnappinn.

Afturábak saumur er einnig notaður þegar þið saumið hnappagöt, forritaðar heftingar, ístoppspor og mjókkandi / breikkandi sauma.

Ljós fyrir forritaðar heftingar (6)

Það kviknar á ljósinu fyrir forritaðar heftingar til að sýna ýkkur að ein eða fleiri heftingar séu virkar. Það logar á ljósinu svo lengi sem heftinga aðgerðirnar eru virkar.

Tafarlaus hefting (8)

Ýtið á heftingar hnappinn á meðan saumað er og vélin saumar þá nokkur heftispor og stöðvast síðan.

Saumfóturinn upp og síðan í aukalega hæð (9)

Lyftir saumfætinum og nálinni í efri stöðu. Ýtið aftur á hnappinn og þá fer saumfóturinn í aukalega efri hæð.

Saumfóturinn niður og í sveifluhæð. (10)

Lækkið saumfótinn alveg niður. Ýtið á hnappinn á ný til að lyfta honum í sveifluhæð. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður þegar þið byrjið að sauma.

Start/stop (11)

Ýtið á þennan hnapp til að láta vélina byrja að sauma eða stöðvast án þess að nota fótmótstöðuna. Ýtið einu sinn á hnappinn til að byrja að sauma og einu sinni til að stöðva vélina.

Skjárinn (12)

Skjárinn sýnir ykkur allt val ykkar og valkosti. Saumarnir eru sýndir á honum í raunstærð.

Saumbreidd eða sporstaðsetning (13)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota + og - hnappana.

Ýtið á valkosti hnappinn (15) til að skoða staðsetingu sporsins fyrir valinn saum. Notið + og - hnappana til að breyta staðsetningu sporsins.

Sporlengd eða sporpéttleiki (14)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota + og - hnappana. Ýtið á valkosti hnappinn (15) til að skoða péttleikann á flatsaumunum. Notið + og - hnappana til að breyta péttleikanum í völdum saum.

Valkostir (15)

Þegar þið veljið skrautsaum, er breiddin og lengdin á honum sýnd á skjánum. Með því að ýta á valkosti hnappinn sést sporstaðsetningin í stað sporbreiddarinnar og péttleikinn sést í staðinn fyrir sporlengdina.

Hjólið (16)

Notið þessa hnappa til að fara um skjáflötinn. Hjólið er með upp og niður örvarhnappa, vinstri og hægri örvarhnappa og miðjutáknið á hjólinu er OK hnappur. Hjólið er notað við nokkrar aðgerðir, til dæmis að fara á milli spora, stilla stærðina hnappagati og fara á milli valkosta í stilli valmyndinni.

Beint val (17)

Með því að ýta á einn eða sambland af fleirum hnöppum á milli 0 og 9, getið þið valið saum strax eftir númeri hans.

F1 - aðgerð 1 (18)

F1 hnappurinn er notaður til að stilla "tapering" sauma (mjokkandi og breikkandi sauma). Hann er einnig notaður til að endurtaka hnappagöt og taka endurtekningu úr sambandi fyrir ístoppssauma. Allt val verður sýnt á skjánum. Í saumaröð er F1 hnappurinn notaður til að velja stafagerð.

F2 - aðgerð 2 (19)

F2 hnappurinn er notaður til að stilla heftingar og klippingarvalkosti og í saumaröð er hann notaður til að velja stafagerð. Allt val er sýnt á skjánum.

"Info" Upplýsinga hnappur (20)

Ýtið á þennan hnapp til að slökkva og kveikja á upplýsingunum.

Stilli valmynd (21)

Ýtið á þennan hnapp til að opna fyrir stilli valmyndina.

Spegla enda í enda (22)

Til að spegla sauma og saumaraðir enda í enda.

Spegla til hliðar (23)

Til að spegla sauma og saumaraðir hliðarspeglun.

Hlaða inn persónulegum saum eða saumaröð (24)

Ýtið á þennan hnapp til að hlaða inn persónulegum saum eða saumaröð.

Vista persónulegan saum eða saumaröð (25)

Ýtið á þennan hnapp til að vista persónulegan saum eða saumaröð í minni vélarinnar.


Hreinsa (26)

Til að eyða einstöku spori í saumaröð, persónulegum saumum eða setningu.

Saumaröð (27)

Ýtið á þennan hnapp til að fara inn í saumaröð.

Hnappar á expression™ 3.2



Tvinnaspennan (1)

Ef nauðsyn krefur er hægt að stilla spennuna á yfirtvinnanum með því að snúa þessum snæri.

Nálin uppi / niðri og gaumljós (2)

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálina í efri eða neðri stöðu. Við það breytist stöðvunarstaða nálarinnar. Þegar "nálin niður" er valið kviknar á gaumljósinu og vélin stöðvast alltaf með nálina niðri í efninu.

Þið getið einnig smellt snögg á fótmótstöðuna til að framkvæma þetta.

Byrjað á upphafi sauma (3)

Ef þið hafið stöðvað í miðjum saum, ýtið þið á þennan hnapp til að byrja á byrjun viðeigandi saums án þess að þurfa að breyta nokkrum öðrum stillingum.

Ef þið ýtið á þennan hnapp á meðan þið eruð að sauma, lýkur vélin við sauminn og stöðvast síðan.

Hraðastilling (4)

Ýtið á hnappinn fyrir hraðastillinguna til að sauma á minni hraða. Tákn á skjánum sýna á hvaða hraða vélin saumar. Ýtið lengur á hnappinn og notið hjólið (13) til að breyta hraðanum á vélinni.

Ath: Þið getið ekki valið meiri hraða en sjálfgefna hraðann á viðkomandi saum.

Afturábak (7) og gaumljós (5)

Ýtið á hnappinn áður en þið byrjið að sauma ef

þið viljið að vélin saumi afturábak. Þá kviknar á gaumljósinu (5) og það logar þar til ýtt er á hnappinn á ný.

Ef þið ýtið á afturábakhnappinn á meðan þið eruð að sauma, þá saumar hún afturábak svo lengi sem þið haldið við hnappinn. Það logar á gaumljósinu á meðan haldið er við hnappinn.

Afturábak er einnig notað þegar verið er að sauma hnappagöt, forritaðar heftingar, ístoppspor eða þegar verið er að sauma "taperaða" (mjókkandi / breikkandi) sauma til að skipta á milli hluta í þeim saumum.

Forritaðar heftingar - gaumljós (6)

Það kviknar á gaumljósinu fyrir forritaðar heftingar til að gefa til kynna að einn valkostur eða fleiri í heftingum hefur verið valinn. Það logar á gaumljósinu þar til sá valkostur er ekki lengur í notkun.

Tafarlaus hefting (8)

Ýtið á heftingarhnappinn á meðan þið saumið og vélin saumar nokkur heftispor og stöðvast síðan sjálfkrafa.

Skjárinn (9)

Á skjánum getið þið skoðað val ykkar og alla valkosti. Saumar eru sýndir í raunstærð.

Sporbreidd eða sporstaðsetning (10)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota + og - hnappana.

Ýtið á valkostshnappinn (12) til að skoða staðsetningu sporsins fyrir valinn saum. Notið + og - hnappana til að breyta staðsetningu sporsins.

Sporlengd og sporbéttleiki (11)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota + og - hnappana.

Ýtið á valkostshnappinn (12) til að skoða sporbéttleikann á flatsaumssporunum. Notið + og - hnappana til að breyta þéttleikanum á viðkomandi saum.

Valkostir (12)

Þegar þið veljið skrautsaum, er breiddin og lengdin á honum sýnd á skjánum. Með því að ýta á valkostshnappinn verður sporstaðsetningin sýnd í stað sporbreiddarinnar og þéttleikinn er sýndur í staðinn fyrir sporlengdina.

Hjólið (13)

Notið þessa hnappa til að fara um skjáinn. Hjólið er með upp og niður örvarhnappa, hægri og vinstri örvarhnappa og miðjutáknið á hjólinu er svo staðfestingarhnappurinn OK.

Hjólið er notað í nokkrum aðgerðum t.d. til að fletta á milli sauma, stilla stærð á hnappagati og fletta á milli valkosta í stillivalmynd. Staðfestið val ykkar með því að ýta á staðfestingarhnappinn OK.

Beint val (14)

Með því að ýta á einn eða sambland af 0 til 9 hnöppunum getið þið valið þann saum sem er merktur því númeri á fljótlegan hátt.

F1 - Aðgerð 1 (15)

F1 hnappurinn er notaður til að stilla á "tapering" sauma þ.e.a.s. fyrir mjókkandi og breikkandi flatsauma. Það er einnig notað til að endurtaka hnappagöt og til að taka endurtekningu í ístopps saumunum úr sambandi. Allt val verður sýnt á skjánum.

Í saumaröðum er F1 hnappurinn notaður til að velja stafagerð.

F2 - Aðgerð 2 (16)

F2 hnappurinn er notaður til að stilla valkostina fyrir heftingar og tvinnaklippingar og í saumaröðum er hann notaður til að velja stafagerð. Allt val er sýnt á skjánum.

"Info" upplýsingahnappur (17)

Ýtið á þennan hnapp til að skipta yfir á upplýsingar og af þeim á ný.

Valmynd fyrir stillingar (18)

Ýtið á þennan hnapp til að opna valmyndina fyrir stillingar.

Hliðarspeglun (19)

Til að spegla sauma og saumaraðir til hliðar.

Hlaða inn persónulegum saum eða saumaröð (20)

Ýtið á þennan hnapp til að hlaða inn persónulegum saum eða saumaröð.

Vista persónulegum saum eða saumaröð (21)

Ýtið á þennan hnapp til að vista persónulegan saum eða saumaröð.

Hreinsa (22)

Til að eyða einstökum saum í saumaröð eða persónulegum saumum eða saumaröðum.

Saumaröð (23)

Ýtið á þennan hnapp til að fara inn í saumaraðir.



Stilli valmynd

Í stilli valmyndinni getið þið breytt sjálfgefnum stillingum og framkvæmt breytingar á stillingum vélarinnar, hljóðstillingum og skjástillingum.

Opnið valmyndina með því að ýta á hnappinn fyrir stilli valmyndina og veljið þá stillingu sem þið viljið breyta með því að ýta á upp og niður örvarhnappana á hjólinu.

Notið vintri og hægri örvarhnappana til að stilla gildin og gera stillingar virkar, eða opnið fyrir lista með valkostum með því að ýta á OK. Fylltur gluggi þýðir að hann sé virkur, tómur gluggi þýðir að hann sé óvirkur.

Ath: Ef ekki er hægt að nota stillingu ásamt áður valinni stillingu verða útlínur þess glugga strikóttar.

 Það eru tvö tákn sem eru sýnd við hliðina á sumum af valmöguleikunum.

 Þetta tákn sýnir ykkur að stillingin verður geymd þar til þið veljið annan saum.

Þetta tákn þýðir að þessi stilling verður geymd þar til þið slökkvið á vélinni.

Ekkert tákn þýðir að þessi stilling verður geymd þar til þið gerið hana óvirka.

Ýtið aftur á hnappinn fyrir stilli valmyndina til að fara út úr henni.

Settings	
Thread tension	4.6 
Twin needle	3.0 ☐
Stitch Width Safety	☐
Dynamic spring foot 6D	☐
Spring free-motion	☐
Sensormatic free-motion	☐
P-foot pressure	6.5 

Tvinnaspennan (4.2)

Saumavélin mun á rafrænan hátt fyrirfram stilla tvinnaspennuna fyrir valinn saum. Það fer samt alltaf eftir efninu sem verið er að sauma, undirlegginu, tvinnanum hvort þið þurfið e.t.v. að breyta stillingunum. Notið vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að stilla tvinnaspennuna. Þessar breytingar hafa hins vegar eingöngu áhrif á valinn saum. Stillingin fer aftur á sjálfgefna stillingu þegar þið veljið næsta saum.

 **4.6** Í saumaaðgerð, ýtið þið á "info" hnappinn til að sjá núverandi valda tvinnaspennu.

Fyrir 3.2: Sjá bls. 3:3 um hvernig stilla á tvinnaspennuna.

Tvíburanál

Gerið tvíburanálakerfið virkt og notið vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að stilla millibilið á milli tvíburanálanna. Þegar það hefur verið gert verður sporbreidd á öllum saumum takmörkuð við það nálarmillibil til að koma í veg fyrir nálarbrot.

 Í saumaaðgerð, ýtið þið á "info" hnappinn og ráðleggingar táknið fyrir tvíburanálarnar kemur í ljós.

Stillingin er virk þar til þið afveljið tvíburanála stillinguna.

Ath: Tvíburanálar og sporbreiddaröryggi er ekki hægt að nota samtímis.

Viðvörðunarsprettigluggi kemur fram ef þið veljið saum sem er of breiður fyrir þá tvíburanál sem þið eruð með í vélinni.

Sporbreiddar öryggi

Veljið þessa aðgerð þegar þið eruð að nota stingplötu og saumfót fyrir beint spor eingöngu, því þá læsið þið möguleika á því að þið stillið óvart á zik zak.

 Í saumaaðgerð, ýtið þið á "info" hnappinn. Táknið fyrir sporbreiddar öryggi kemur fram.

Þegar þið kveikið á vélinni með þessa stillingu virka og fyrir öll spor sem þið veljið þar sem ekki er um bein spor að ræða, kemur viðvörðunarsprettigluggi á skjáinn. Afveljið sporbreiddaröryggi til að fara yfir á venulega stillingu og sauma.

Ath: Tvíburanála og sporbreiddar öryggi er ekki hægt að nota samtímis.

Fríhendis "Dynamic" gormafóturinn 6D (4.2)

Gerið vélina virka til að vinna með fríhendis gormafætinum 6D (aukalega fáanlegur sem hlutur 820991-096). Fríhendis gormafóturinn mælir þykkt efnisins og lyftist og lækkar og heldur við efnið á meðan vélin myndar sporið.

Ath: Ráðlagt er að nota þennan saumfót 6D eingöngu með beinu spori. Gerið sporbreiddaröryggið virkt.

Fríhendis gormafóturinn (4.2)

Gerið vélina virka fyrir fríhendis gormafót. Takið flytjarann úr sambandi. Gormafóturinn lyftist og lækkar í hverju spori og heldur við efnið á meðan vélin myndar sporið.



Í saumaaðgerð, ýtið þið á "info" hnappinn. Táknid fyrir gormafótinn verður sýnt í staðinn fyrir ráðleggingar fyrir saumfót.

Þegar þið kveikið á vélinni mun sprettigluggi láta ykkur vita að vélin sé stillt fyrir fríhendis gormafót.

Ath: Fríhendis fóturinn með opnu tána að framan er aukalega fáanlegur hjá næsta PFAFF® umboðsaðila.

Notið hann ekki ef "sensormatic" fríhendis er virk, þar sem nálin gæti skemmt fótinn.

Fríhendis fótinn með opnu tána, eða hvaða gormafót sem er með ljósgráum plasthúsum, er einnig hægt að nota fyrir fríhendis útsauma.

"Sensormatic" fríhendis aðferð (4.2)

Gerið vélina virka og stillið hana fyrir "sensormatic" fríhendis aðgerð fyrir saumfót 6A. Takið flytjarann úr sambandi. Í sauma aðgerð ýtið þið á "info"



hnappinn. Teiknið fyrir sensormatic" fríhendis saum verður sýnt í stað ráðleggingar um saumfót. Þið verðið að flytja efnið sjálf

með höndunum þegar þið saumið fríhendis á litlum hraða hækkar og lækkar fóturinn sig í hverju spori til að halda við efnið á meðan nálin er að fara niður og upp aftur til að búa sporið til. Þegar saumað er á meiri hraða flýtur fóturinn rétt fyrir ofan efnið þegar saumað er. Þegar kveikt er á vélinni kemur sprettigluggi fram og lætur vita að "sensormatic" fríhendis sé virkt.

Sveifluhæð (4.2)

Stillið hæðina á saumfætinum þegar vélin er stillt fyrir fríhendis saum.

Í "sensormatic" fríhendis saum, á að vera auðvelt að færa efnið undir fætinum. Ef efnið lyftist upp og niður undir fætinum er hætta á að vélin hlaupi yfir spor þegar verið er að sauma. Með því að lækka sveifluhæðina minnkar bilið á milli vélar og neðri hluta fótans og minni hætta verður á að vélin hlaupi yfir spor.

Ath: Gætið þess þó að minnka ekki þessa hæð of mikið. Það verður samt að vera hægt að færa efnið frjálfslega undir fætinum.

Fótþrýstingur (4.2)

Í flestum tilfellum þurfið þið ekki að stilla fótþrýstinginn á saumfótinn. Þið getið þó þurft að breyta honum þegar þið eruð að sauma ákveðin erfið

efni eða þegar þið eruð að nota sérstaka saumataækni. Notið vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að stilla þrýstinginn. Þeim mun hærri sem talan er - þeim mun meiri þrýstingur er á efnið. Hægt er að stilla á gildin frá 0 og 9 í 0.5 þrepum. Þessar breytingar sem þið gerið verða svo afturkallaðar sjálfkrafa þegar þið slökkvið næst á vélinni

Ath: Ef þið viljið breyta þrýstingnum á saumfótinn fyrir einhverja sérstaka saumaröð, þá kallið þið saumaröðina fyrst fram í sauma aðgerð og breytið síðan þrýstingnum þar.

Sjálfvirk lyfting á saumfæti (4.2)

Þegar þetta er valið er sjálfvirka lyftingin á saumfætinum gerð virk. Saumfætinum verður lyft í sveifluhæð til dæmis þegar þið stoppið með nálin ofan í efninu.

Þegar þetta er svo afvalið stöðvast vélin með saumfótinn niðri og ofan á efninu, og jafnvel þótt nálin sé í neðri stöðu.

Jafnvægi í saumum

Þegar þið saumið sérstök eða erfið efni eða eruð að nota sérstaka saumataækni, getur verið nauðsynlegt að stilla jafnvægið í saumunum. Byrjið á því að sauma viðkomandi saum á afgangsbút af sama efni. Notið síðan vinstri eða hægri örvarhnappana til að stilla jafnvægið frá -7 og 7. Þegar þið saumið á ný er búið að breyta jafnvæginu. Breytingarnar eiga eingöngu við viðkomandi valinn saum. Stillingin fer aftur á sjálfgefna stillingu þegar annar saumur er valinn.

Tungumál

Notið vinstri eða hægri örvarhnappana til að breyta um tungumál fyrir textana á vélinni

Hljóðmerki

Þið getið slökkt á öllum hljóðmerkjum sem vélin gefur frá sér með því að velja á eða af (on eða off). Sjálfgefin stilling er að kveikt er á hljóðmerkjunum.

Birtuskil á skjá

Stillið birtuskilin á skjánum með því að nota vinstri og hægri örvarhnappana. Hægt er að stilla frá -20 og að 20 í þrepum sem eru 1.

Útgáfa af hugbúnaði

Hér getið þið séð hvaða útgáfa af hugbúnaði er í vélinni.


Saumađ 3



Saumaadgerð er fyrsta sýnin sem þið sjáið á skjánum þegar kveikt er á vélinni. Valinn saumur er sýndur í raunstærð á skjánum. Hér sjáið þið einnig allar grundvallar upplýsingar sem þið þurfið á að halda til að byrja að sauma. Þetta er einnig valmyndin þar sem þið breytið stillingum á saumunum. Beinn saumur er sjálfgefinn byrjunarsaumur.

Saumaadgerð - yfirlit


1. Valinn saumur
2. Saumflötur
3. Sporbreidd / staðsetning saums
4. Sporlengd / þéttleiki
5. "Tapering" saumar (mjókkandi/breikkandi)
6. Valkostir fyrir heftingar



Veljið saum

Með því að ýta á einhvern af beinvalshnöppunum, getið þið valið viðkomandi saum um hæl. Ýtið á tvo eða þrjá tölustafi til að velja viðkomandi saum eftir númeri hans frá 10 og upp úr. Ef innstimplað númer er ekki til heyrið þið hljóðmerki frá vélinni og saumurinn með fyrsta stafinn sem valinn var kemur á skjáinn.

Notið upp og niður örvarhnappana á hjólinu til að fara á milli sauma.



Ráðleggingar fyrir sauma


Ýtið á "info" hnappinn til að sýna ráðleggingar fyrir valinn saum.

Ýtið aftur á hnappinn til að upplýsingarnar hverfi af skjánum.

-  Ráðlegging um nál / stillingar
-  Stilling fyrir tvíburanál
-  Ráðlegging um Wing húllsaumsnál
-  Stilling á sporbreiddaröryggi

8. Ráðlegging um saumfót
9. Ráðlegging um undirlegg
10. Ráðlegging um efri flytjara
11. Gildi á tvinnaspennu (4.2) / Ráðlögð spenna (3.2)

Ath: Öll tákni og valkostir eru ekki sýnd samtímis.



Stillingar á saumum

Vélin stillir sig sjálf á hentugustu stillingar fyrir hvern valinn saum. Þið getið hinsvegar breytt þeim stillingum að eigin vild. Stillingarnar eiga eingöngu við valinn saum og þær breytingar sem þið framkvæmið verða settar aftur á sjálfgefnar stillingar þegar þið veljið annan saum. Breyttar stillingar verða ekki vistaðar í vélinni ef þið slökkvið á henni. Sporbreidd og sporlengd sjást við hliðina á teiknunum fyrir þær. Ef þið reynið að fara umfram lægstu eða hæstu stillingar, gefur vélin frá sér hljóðmerki.

Ath: Númerin eru auðkennd þegar stillingunum er breytt.

Sporbreidd (1)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota + og -.

Sporlengd (2)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota + og -. Ef þið lengið zik zak eða skrautspor, þá verður heildarlengdin lengri. Ef þið lengið skrautsaumsspor með flatsaumi þar sem hægt er að stilla þéttleikann, þá verður sporið allt lengra en þéttleikinn heldur sér.

Staðsetning spors (3)

Ýtið á valkosta hnappinn til að sjá hvar staðsetning sporsins er í staðinn fyrir sporbreiddina. Notið + og - hnappana til að færa sporið til vinstri eða hægri.

Ath: Þetta er eingöngu hægt að gera á sporum sem eru mjórri en 9 mm. Þið getið mjökkað sporbreiddina til að gera sporið mjórra ef þið viljið.

Sporþéttleiki (4)

Ýtið á valkostshnappinn til að sýna þéttleikann í staðinn fyrir sporlengdina í flatsaumum. Nú getið þið notað + og - hnappana fyrir sporlengdina til að breyta þéttleikanum. Sporþéttleikinn hefur ekki áhrif á raunverulega lengd heildarsaumsins.

Ath: Þetta er oft notað ef þið eruð að nota sérstakan tvinnna og þegar minni þéttleiki kemur sér betur. Ef þið hafið valið hnappagat, þá er sjálfgefið að skjárin sýni þéttleikastillinguna í staðinn fyrir stillinguna á sporlengdinni.



Tvinnaspenna (5)

Til að ná sem fallegustu spori og góðri endingu verður að gæta þess að yfirtvinnaspennan sé rétt

stíllt þ.e.a.s. að hnýtingin á almennum saumum eigi sér stað mitt á milli efnanna. Ef spólutvinninn sést á réttunni, þá er yfirtvinnaspennan of stíf. Minnkið spennuna. Ef yfirtvinninn sést á röngunni þá er yfirtvinnaspennan of laus. Aukið við spennuna. Þegar verið er að sauma skrautsauma og hnappagöt þá á yfirtvinninn að sjást örlítið á röngunni.

Fyrir vél 4.2: Þessi vél stillir tvinnaspennuna fyrir hvern saum sjálfkrafa á elektrónískan hátt fyrir hvern einstakan saum sem valinn er. Sjá bls. 2:15 um hvernig hægt er að breyta þessum stillingum að eigin vild.

Fyrir vél 3.2: Ýtið á "info" hnappinn. Notið þá tvinnaspennu sem gefin er upp á skjánum (5). Snúið tvinnaspennunni á það númer.



5




Ýtið á valhnappana til að skoða staðsetningu og þéttleika



Speglun

Til að spegla mynstur til hliðar ýtið þið á hnappinn fyrir hliðarspeglun.

Fyrir 4.2: Til að spegla mynstur enda í enda, ýtið þið á hnappinn fyrir endaspeglun.




Valkostir um heftingar

Valkostirnir yfir heftingar gefa m.a möguleika á að láta vélina hefta fyrir bæði í upphafi (A) og enda sauma (B).

1. Ýtið á F2 hnappinn til að opna fyrir valmyndina yfir heftingarnar.
2. Notið hjólið til að fletta á milli valkostanna og ýtið á OK til að velja þá aðgerð sem þið viljið nota.
3. Að afloknu valinu lokið þið glugganum með því að ýta aftur á F2 hnappinn. Lítil tákn (D) verða nú sýnd á skjánum og gefa til kynna hvaða tegund heftinga eru valdar. Valið stendur áfram þar til það er afturkallað.

Ath: Fyrir tafarlausa heftingu getið þið notað heftingarhappinn sem er framan á vélinni.



Saumað með heftingarvalkost valinn

1. Hefting í byrjun saums verður framkvæmd um leið og þið byrjið að sauma.
2. Ýtið á afturábak hnappinn til að gera heftinguna í enda saums (B) virka. Það kviknar ljós á forrituðu heftingaraðgerðinni. Vélin lýkur við sauminn og heftir fyrir.

Fyrir 4.2: Þegar tvinnaklipping (C) er forrituð mun vélin klippa tvinnana sjálfkrafa að heftingu lokinni. Nálin og saumfóturinn fara í efri stöðu.

Ath: Hættið að sauma og ýtið á afturábak hnappinn tvisvar sinnum til að gera afturábak saum virkan. Það kviknar á ljósinu fyrir afturábak. Engin hefting mun eiga sér stað.

Ýtið á afturábak hnappinn þegar þið saumið afturábak til að gera heftingu virka í lokin. Ljósinn fyrir afturábak og forrituðu heftinguna kvikna.

Til að fara aftur á áfram saum, stöðvið þið afturábak sauminn og ýtið á afturábak hnappinn. Engin ljós kvikna og engin hefting á sér stað.




3. Til að afvelja heftingar valkostina, notið þið hjólið til að fletta á milli valkostanna og ýtið á OK til að afvelja hvern fyrir sig.

"Tapering" saumar

"Tapering" þýðir að auka eða mjókka breidd zik zak saumsins á meðan verið er að sauma til að ná fram breikkun/mjókkun út frá annarri hliðinni eða jafnt út til beggja hliða.

1. Opnið "tapering" valkostinn með því að ýta á F1 hnappinn.
2. Notið vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að velja byrjunar eða enda mjókkun/breikkun. Notið vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að velja byrjunar eða enda "taperingu". Ýtið á OK til að kveikja eða slökkva á aðgerðinni.
3. Ýtið lengur á OK til að opna fyrir skoðun á mismunandi valmöguleikum á hornum eða skáum. Veljið þann skáa sem þið viljið nota með því að nota örvarhnappana og ýtið á OK til að velja.
4. Ýtið aftur á F1 hnappinn til að loka skoðuninni. Þá koma lítil teikn (A) sem sýna ykkur hvort byrjunar eða enda "tapering" er virk.
5. Þegar "tapering" er gerð virk bæði í byrjun og enda saums og þið byrjið að sauma, þá byrjar sporbreiddin á 0mm. Síðan breiðkar sporið þar til valinni breidd er náð. Saumið þar til þið hafið náð óskaðri lengd og ýtið þá á afturábak hnappinn. Breiddin mjókkar nú þar til hún hefur náð 0mm.



Ath: Það er hægt að breikka eða mjókka svo til alla sauma. Þegar þið opnið "tapering" forritið fyrir saum sem ekki er hægt a mjókka eða breikka, gefur vélin frá sér hljóðmerki.



Saumað

Hraðastilling

1. Haldið hraðahnappnum aðeins lengur inni til að opna sprettiglugga þar sem þið getið síðan notað vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að breyta saumhraðanum.
Ath: Þið getið ekki valið meiri hraða en sjálfgefna hraðann fyrir viðkomandi saum.
2. Ýtið aftur á hnappinn til að loka glugganum.
3. Ýtið á "info" hnappinn. Teikn á skjánum gefur nú til kynna á hvaða hraða vélin hefur verið stillt (B).
4. Til að afvelja hraðastillinguna, ýtið þið á hraðahnappinn. Ýtið aftur á hnappinn til að sauma á ný með þeim hraða sem áður var valinn.




Persónulegir saumar

Vsta persónulegan saum


1. Vistið persónulega sauminn ykkar með því að ýta á vistunar (save) hnappinn og setjið ykkar eigin sauma í sér minni. Þetta opnar valmyndina fyrir persónulega sauma og saumaraðir. Veljið persónulega valkostinn með örvarhnöppunum á hjólinu og staðfestið með því að ýta á OK.
2. Veljið tómmt minni með því að nota örvarhnappana. Staðfestið valið með því að ýta á OK. Ef valið minni er ekki tómmt kemur sprettigluggi upp og spurt er hvort þið viljið skrifa yfir það sem fyrir er í minninu. Veljið já eða nei með örvarhnöppunum og ýtið á OK.
3. Ýtið aftur á vistunar (save) hnappinn til að fara aftur yfir í saumaaðgerð.

Ath: Suma sérstaka sauma eins og t.d. hnappagöt er ekki hægt að vista. Sprettigluggi lætur ykkur vita þegar þið reynið að vista slíka sauma.




Hlaða inn persónulegum saum

1. Hlaðið inn persónulegan saum með því að ýta á hleðsluhnappinn. Það opnar fyrir valmyndina til að hlaða inn persónulegan saum eða saumarað. Með örvarhnöppunum á hjólinu veljið þið valkostinn fyrir persónulega sauma. Staðfestið með að ýta á OK.
2. Notið örvarhnappana til að velja þann saum sem þið ætlið að nota og ýtið síðan á OK. Saumurinn kemur í sauma aðgerð og er tilbúinn til notkunar. Fjöldi hlaðinna sauma er sýndur og á undan er mynd af hjarta.



Eyða persónulegum saum

1. Þið getið eytt persónulegum saum úr vélinni þegar þið eruð í vistunar eða innhleðslu aðgerð.
2. Veljið sauminn sem þið ætlið að eyða og ýtið síðan á "hreinsa" (clear) hnappinn. Sprettigluggi kemur upp og biður um staðfestingu á því að eyða eigi viðkomandi saum. Veljið já eða nei með örvarhnöppunum á hjólinu og ýtið síðan á OK.




Saumataækni

Bútasauðar með handavinnuútliti

Bútasauður samanstendur yfirleitt af þremur lögum, tveimur efnum og á milli þeirra er svo vattefni.

1. Þræðið þessi þrjú lög saman þ.e.a.s. saumaða bútasauðsefnið, vattið og svo neðra efnið.
2. Þræðið glæran (monofilament) ósýnilegan tvinna í nálina. Notið síðan litaðan rayon eða baðmullartvinna á spóluna.
3. Smellið ráðlögðum saumfæti á fóthölduna.
4. Setjið efri flytjarann í samband.
5. Þegar þið saumið sauminn eigið þið aðeins að sjá spólutvinnann. Aukið við yfirtvinnaspennuna til að ná fram tilætluðum áhrifum.

Ath: Notið nál í grófleika 90 og finann baðmullartvinna á spóluna þegar þið saumið sauma með handavinnuútliti. Þið gætuð þurft að breyta tvinnaspennunni, en það fer allt eftir efnum, tvinna og vattefni sem þið notið hverju sinni. Saumið nokkra prufusauma á afgangsefni sem þið ætlið að sauma og athugið tvinnaspennuna.




Ráðlagðir saumar fyrir bútasauð með handavinnuútliti

Spur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
4.2	53	54	55	56	57	58	244	245	246	247	248	249	250	251	252	253
3.2	44	45	46	47	48	49	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—

Ístopp

Það getur bjargað flík að stoppa í lítið gat eða rifu á flík áður en gatið eða rifan verða stærri. Veljið fínann tvinna í eins líkum lit og flíkin er.


1. Setjið flíkina undir saumfótinn og hafið undirlegg undir staðnum sem gera á við.
2. Veljið ístoppspor.
3. Byrjið að sauma fyrir ofan gatið og saumið fram yfir það.
4. Þegar þið hafið saumað fram yfir gatið, ýtið þið á afturábak hnappinn til að ákvarða lengdina á sporinu.
Saumavélin lýkur sjálfkrafa við ístoppsporið.
5. Það er sjálfgefið að velin getur nú endurtekið þennan ferning, haldið því áfram að sauma. Það er ljós á teikninu fyrir endurtekningu, sem gefur til kynna að endurtekningin er virk. Ýtið á F1 hnappinn til að afvelja endurtekninguna.



Fríhendis staða (3.2)

Þegar þið notið fríhendis/stoppfótinn verður saumfóturinn að vera í fríhendisstöðu.



1. Takið bæði yfirflytjarann og venjulega flytjarann úr sambandi.
2. Setjið fríhendis/stoppfótinn á vélina og veljið saum.
3. Til að setja fótinn í fríhendis stöðu lyftið þið fótlyftinum upp á við og ýtið á rofann (A), neðan á fótlyftinum í áttina að ykkur þar til hann smellur á sinn stað. Sleppið fótlyftinum og þá verður hann kyrr í þessari fríhendis stöðu.
4. Prófið að sauma á afgangsefni og vattefni og undirleggi sem þið ætlið að nota. Aukið tvinnaspennuna ef með þarf til að ná réttum árangri.
5. Byrjið að sauma.
6. Til að taka fríhendis stöðuna úr sambandi, ýtið þið fótlyftinum aðeins upp á við og rofanum (A) um leið frá ykkur þar til hann smellur aftur á sinn upprunalega stað.



Fyrir 4.2: Sjá bls. 2:15 um leiðbeiningar hvernig sauma á fríhendis á vélina 4.2.

Hnappagöt


Til að sauma hnappagöt, verður fyrst að setja réttan saumfót á vélina og síðan veljið þið gerðina að hnappagatinu. Fullvissið ykkur um að efri flytjarinn sé ekki í sambandi. Til að ná sem bestum árangri borgar sig að sauma prufu hnappagat á afgangsefni af sama efni og á að nota og hafið alltaf undirlegg undir efninu. Áttin af þeim sporum sem vélin er að sauma er sýnd með ör við hliðina á hnappagatinu á skjánum.



”Sensormatic” hnappagöt

Þegar þið saumið hnappagat með ”sensormatic” hnappagatafætinum, þá gætið þess að hafa skurðarlínu hnappagatsins aðeins stærri en talan sem á að nota.

1. Setjið ”sensormatic” hnappagatafótinn 5A á vélina.
2. Tengid leiðsluna frá honum í tengilinn (B) sem er neðan á vélararminum rétt hjá nálar svæðinu.
3. Notið mælistikuna á lokinu til að mæla töluna og stillið skurðarlínuna fyrir hnappagatið með vinstri og hægri örvarhnöppunum á hjólinu.
4. Gætið þess að rauða örinn sé á móts við merkið á fætinum (C).
5. Byrjið að sauma með því að stíga á fót mótstöðuna.
6. Örvarnar á skjánum sýna þegar hver hluti hnappagatsins fyrir sig er saumaður og í hvaða átt. Leggir hnappagatsins eru saumaðir í sönnu átt.
7. Vélina lýkur sjálfkrafa við hnappagatið. Þið getið endurtekið hnappagatið eins oft og þið viljið með því einu að stíga á fót mótstöðuna.




Venjuleg handvirk hnappagöt

1. Til að sauma venjulegt "handvirk" hnappagat upp á gamla mátann, notið þið saumfót 5M.
2. Fyrsta leggin saumið þið afturábak. Saumið hann í þeirri lengd sem þið viljið hafa hnappagatið. Þessi hluti veður sýndur á skjánum svo og áttin sem verið er að sauma í.
3. Ýtið á afturábak hnappinn. Saumavélin saumar nú heftinguna og seinni legginn. Þegar leggirnir eru orðnir jafnlangir, ýtið þið aftur á afturábak hnappinn til að sauma seinni heftinguna.

Ath: Táknið fyrir endurtekningu verður auðkennt sem sýnir að aðgerðin fyrir endurtekningu er virk. Þið getið nú endurtekið þetta hnappagat eins oft og þið viljið með því að stíga á fótómstöðuna.

Vélin stövast sjálfkrafa þegar hún hefur lokið við að sauma hnappagatið.



Ýtið á F2 hnappinn til að gera endurtekninguna óvirka.



Töluáfesting

1. Til að festa tölur á flíkur eða annað, fjarlægið þið saumfótinn og veljið sauminn fyrir töluáfestingu.
2. Takið flytjarann úr sambandi.
3. Setjið töluna undir fóthölduna. Notið speglunar aðgerðina til að fullvissa ykkur um að götin á tölunni séu í samræmi við sveiflu nálarinnar og að breiddin henti fyrir viðkomandi tölu. Ef nauðsyn krefur breytið þið breiddinni á milli gatanna með + og - hnöppunum.
4. Þið getið aukið við eða fækkað sporunum sem festa töluna um tvö í hvert sinn sem þið ýtið á vinstri eða hægri örvarhnappana á hjólinu.
5. Byrjið að sauma. Vélin saumar nú nokkur spor og heftir fyrir endann og stöðvast síðan.


Ath: Notið alhliða áhaldið til að búa til fót undir töluna. Þið getið einnig notað sérstakan töluáfestifót sem fæst aukalega hjá Pfaff umboðinu.



Algengir sprettigluggar

Spólan tóm (4.2)

Þegar spólan er alveg við það að verða tóm, stöðvast vélin sjálfkrafa og sprettigluggi kemur á skjáinn. Setjið fulla spólu í gríparann og ýtið á OK á hjólinu til staðfestingar.



Ofurálag á aðalmótor

Ef þið eruð að sauma mjög gróft efni eða ef vélin gengur þungt af öðrum ástæðum, þá getur orðið ofurálag á aðalmótorinn og vélin hættir þá að ganga. Sprettiglugginn lokast og hverfur þegar álagið á hann minnkar.



Fjarlægið klemmdan tvinna (4.2)

Hreinsið svæðið undir stingplötunni af ló og tvinna afgöngum. Ýtið á OK á hjólinu til að loka sprettiglugganum.



Saumarađir 4



Aðgerðin fyrir saumaraðir á vélinni gera ykkur kleift að hanna sauma og raðir með ykkar persónulegu einkennum og blanda saman saumum og stöfum í röðunum. Þið getið sett allt að 40 sauma, stafi og skipanir í sömu saumaröðina. Vistið eigin sauma og saumaraðir í vélinni og náðið í þá aftur hvenær sem þið viljið nota þá.

Hægt er að nota alla sauma í vélinni í saumaraðir nema hnappagöt, ístoppsspor, "tapering" sauma, töluáfestingu og heftingar.

Saumaraðir - yfirlit


1. Númer á núverandi saum
2. Saumflötur
3. Skipanir í saumaröð
4. Stafróf
5. Sporbreidd / staðsetning spors
6. Sporlengd / þéttleiki
7. Leturgerð (hástafir / lágstafir / venjuleg / sérstök tákn).
8. Val á leturgerð



Hanna saumaröð

1. Ýtið á hnappinn fyrir saumaröð til að fara inn í saumaraðagerð.
2. Ýtið á númerið á þeim saum sem þið ætlið að nota fyrst og hann kemur á saumflötinn.
3. Ýtið á númerið á næsta saum og hann kemur hægra megin við fyrsta sauminn.

Ath: Núverandi staða á saumfletinum er merkt með bendli. Innsettir saumar verða staðsettir þar sem bendillinn er staðsettur. Færið bendilinn eftir saumaröðinni með því að nota vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu.



Skipanir í saumaröð

Þið getið sett inn heftingar, tvinnaklippingar (fyrir 4.2) og stop skipanir í saumaröðina. Notið örvarhnappana á hjólinu til að velja skipunina og ýtið síðan á OK til að setja hana í röðina. Hún verður sett inn þar sem bendillinn er staðsettur.


Innsettar skipanir verða einnig vistaðar ef þið vistið saumaröðina og verða einnig framkvæmdar þegar þið saumið hana.

Ath: Þið getið sett allt að 3 skipanir í hverja saumaröð.

Stafróf notað

1. Færið bendilinn eftir sporafletinum (2) með vinstri eða hægri örvarhnöppunum á hjólinu og á þann stað sem þið viljið bæta stöfum inn í.
2. Notið örvarhnappana niður til að fletta í gegn um skipanir fyrir saumaröðina (4). Veljið staf með því að nota örvarhnappana og ýtið á OK til að setja þá inn. Hann verður settur á þann stað þar sem bendillinn er staðsettur í saumaröðinni.

Ath: Viðkomandi stafur í stafaröðinni verður auðkenndur.



Veljið stafagerð og leturgerð

Ýtið á F1 hnappinn til að breyta um stafagerð (7) á milli hástafa og lágstafa, venjulegra eða sértakra stafa og tákna.

Ýtið á F2 hnappinn til að breyta um leturgerð (8).

Stilla texta og sauma

Þið getið speglað, stillt lengdina (6) og breiddina (5) eða breytt þéttleikanum og staðsetningu sporanna á völdum saum. Stillingarnar eru framkvæmdar á sama hátt og í sauma aðgerð. Sjá 3:3 - 3:5.

Þegar þið hafið breytt gildi, verða tölurnar auðkenndar á skjánum til að sýna ykkur að ekki sé um sjálfgefið gildi að ræða.

Agth: Breytingarnar á stillingunum eiga eingöngu við þann saum þar sem bendillinn er staðsettur. Ef þið farið aftur í sauma-aðgerð, munu allar breytingarnar sem eru gerðar þar eiga við alla saumaröðina og verða ekki vistaðar.

Eyða saum eða staf í saumaröð

Ef þið viljið eyða saum, færið þið bendilinn á þann saum sem þið ætlið að eyða og ýtið síðan á "eyðingar" (clear) hnappinn.

Ef þið viljið eyða allri röðinni sem er á saumfletinum, færið þið bendilinn til vinstri yfir á fyrsta staðinn í röðinni og ýtið á "eyðingar" (clear) hnappinn.



Stjórníð saumaröðunum

Þið getið vistað og hlaðið saumaröð inn á mýjan leik. Sérhvert minni fyrir saumaraðir getur verið með 40 sauma.

Vista saumaröð

Vistun á saumaröð á sér stað alveg eins og í sauma aðgerð. Sjá bls. 3:6. Veljið valkostinn fyrir saumaröð í "vista persónulega sauma eða mína sauma" eða "valmynd fyrir saumaröð".



Hlaða inn saumaröð

Að hlaða inn saumaröð er alveg eins og að hlaða inn í sauma aðgerð. Sjá bls. 3:6. Veljið valkostinn fyrir saumaröð (sequence) í sprettiglugganum sem kemur upp.

Ath: Þegar þið hlaðið inn saumaröð í sauma aðgerð, verður númerið á vistaðri röð sýnt með stafnum M á undan.



Eyða saumaröð


Að eyða saumaröð úr vélinni er alveg eins og í sauma aðgerð. Sjá bls. 3:6.




Saumaröð saumuð

Til að sauma saumaröð farið þið aftur í sauma aðgerð með því að ýta á saumaraða hnappinn eða stíga á fótómótstöðuna. Saumaröðin er tilbúin. Sumaröðin verður öll saumuð til enda ef engar stop skipanir hafa verið settar í hana.

Ath: Stillingar sem hafa verið framkvæmdar í sauma aðgerð hafa áhrif á alla röðina. Hinsvegar verða þær ekki vistaðar þegar þið farið aftur yfir í að búa til saumaröð.



Viðhald 5




Hreinsun á vél

Til að vélin vinni ávallt örugglega og rétt, er nauðsynlegt að hreinsa hana oft. Það þarf EKKI að smyrja þessa vél.

Hreinsið vélina að utanverðu með mjúkum klút til að fjarlægja ryk, ló og önnur óhreinindi.

Strjúkið skjáinn einnig með mjúkum en aðeins rökum klút.



Hreinsað í kring um gríparasvæðið

Ath: Takið flytjarann úr sambandi og slökkvið á vélinni.

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af vélinni. Setjið skrufjárníð undir stingplötuna eins og myndin sýnir og snúið því varlega til að stingplatan smelli af vélinni. Hreinsið flytjarann með burstanum sem fylgir með vélinni.

Hreinsað undir spólusvæðinu

Hreinsið svæðið undir spólusvæðinu eftir að hafa saumað nokkur verkefni eða í hvert sinn sem þið takið eftir því að ló og óhreinindi hafa safnast fyrir á spólusvæðinu.

Fjarlægið hölduna fyrir spóluhúsið (A) sem liggur yfir fremri hlutanum á spóluhúsinu með því að lyfta henni upp. Fjarlægið spóluhúsið (B) með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með burstanum.



⚠ Fyrir 4.2: Farið varlega þegar þið hreinsið í kring um tvinnaklippurnar.

Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sína staði.

Ath: Blásið ekki lofti á spólusvæðið. Með því blásið þið bara ló og óhreinindum lengra inn í vélina.

Stingplatan sett á

Með flytjarann úr sambandi, staðsetjið þið stingplötuna þannig að bungan fari í raufina að aftan (C). Þrýstið niður á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað. Setjið lokið yfir spóluna.



Gangtruflanir og ráð við þeim

Í þessum kafla nefnum við nokkra þætti sem gætu verið orsök fyrir truflunum í gangi vélarinnar. Hafið samband við Pfaff þjónustuna til að fá frekari ráð áður en vélin er send til þeirra.

Vandamál/orsök	Lausn
Almenn vandamál	
Tvinnaklippurnar klippa ekki tvinnann? (4.2)	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið ló og óhreinindi úr spólusvæðinu. Gerið sjálfvirka klippingu virka í stillingarvalmyndinni.
Efnið færir ekki?	Fullvissið ykkur um að vélin sé ekki stillt á fríhendis saumaskap í stillingarvalmyndinni. Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé í sambandi.
Rangur saumur, óreglulegur og of mjór saumur?	Takið stillinguna fyrir tvíburanál eða öryggið fyrir saumbreidd úr sambandi í stillivalmyndinni.
Nálin brotnar?	Setjið nálina rétt í vélina eins og sýnt er í kafla 2. Notið rétta nál fyrir viðkomandi efni.
Vélin saumar ekki?	Athugið hvort allar snúrur séu rétt settar í vélina og í vegg tengil. Athugið hvort snúran fyrir fótstöðuna sé ekki örugglega rétt tengd við hana. Ýtið arminum á spólanum til vinstri í sauma stöðu.
Hnapparnir á vélinni virka ekki þegar þeir eru snertir?	Sökklar og aðgerðarhnappar geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagni. Ef hnapparnir gegna ekki við snertingu, slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni á ný. Ef vandamálið er enn til staðar - hafið þá samband við Pfaff þjónustuna.

Vélin hleypur yfir	
Er nálin rétt sett í vélina?	Setjið nálina rétt í vélina eins og lýst er í kafla 2.
Eruð þið með réttar nálar?	Notið eingöngu nálar 130/750 H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er réttur saumfótur á vélinni?	Setjið réttan saumfót á vélina.
Er nálin of fín fyrir tvinnann?	Fullvissið ykkur um að nálin sé rétt fyrir grófleikann af tvinnanum.
Lyftist efnið upp og niður þegar þið eruð að nota fríhendis fótinn? ("Sensormatic" fríhendis aðgerð 4.2)	Minnkið hæðina á sveifluhæð fótarsins í stilli valmyndinni.

Yfirtvinninn slitnar	
Er nálin rétt sett í vélina?	Setjið nálina rétt í vélina eins og lýst er í kafla 2.
Eruð þið með réttar nálar?	Notið eingöngu nálar 130/750 H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er nálin of fín fyrir tvinnann?	Skiptið um nál og notið réttan grófleika fyrir tvinnann.

Eruð þið að nota lélegan hnökraðan tvinna, eða er hann orðinn þurr eftir langa geymslu?	Skiptið yfir í nýjan og hágæða tvinna. Góður tvinni er hluti af góðum saum.
Er notuð rétt skífa fyrir tvinnakeflið?	Setjið skífu af réttri stærð fyrir framan tvinnakeflið.
Er rétt staða á keflispinnna notuð?	Reynið aðra stöðu á keflispinnanum (lárétta eða lóðrétta).
Er gatið á stingplötunni skemmt?	Skiptið um stingplötu.

Spólutvinninn slitnar

Er spólan rétt sett í vélina?	Athugið spóluna og undirtvinnann
Er gatið á stingplötunni skemmt?	Skiptið um stingplötu.
Er spólusvæðið fullt af ló?	Hreinsið ló og óhreinindi í kring um spólusvæðið - Notið eingöngu "original" PFAFF® spólur fyrir þessa vél.
Er rétt spólað á spóluna?	Spólið aftur á spóluna.

Saumurinn er ójafn

Er tvinnaspennan rétt?	Yfirfarið yfirtvinnaspennuna og þræðinguna.
Eruð þið að nota hnökraðan eða ójafnan tvinna?	Skiptið um tvinna.
Er spólutvinninn rétt spólaður á spóluna?	Yfirfarið spólunina.
Er rétt nál notuð?	Setjið rétta nál í vélina og gætið að því að hún sé rétt sett í eins og lýst er í kafla 2.

Vélin flytur efnið ekki eða óreglulega

Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er uppsöfnuð ló á milli tannanna í flytjaranum?	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið flytjarrann með burstanum.

Látið fara reglulega yfir vélina hjá PFAFF® þjónustinni!

Ef þið hafið farið eftir þessum leiðbeiningum um gangtruflanir og eigið enn við vandamál að glíma ráðleggjum við ykkur að fara með vélina til Pfaff þjónustunnar. Ef þið eruð með eitthvað sérstakt vandamál, þá er alltaf gott ef þið getið látið sýnishorn af vandamálinu á afgangsbút af efninu sem þið eruð að sauma fylgja með vélinni. Slíkt sýnishorn segir oft mörgum sinnum meira en fjöldi orða.

Notið eingöngu "original" PFAFF hluti

Ábyrgðin á vélinni fellur niður ef notaðir eru utanaðkomandi hlutir eða fylgihlutir sem ekki eru frá Pfaff.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og hlutum sem henni fylgja án fyrirvara, svo og að gera breytingar á vinnsluferli hennar og útliti. Slíkar breytingar verða hins vegar eingöngu gerðar á þann veg að þær séu endurbætur og komi viðskiptavinum okkar og eiganda vélarinnar til góða.

Eign á hugverki

Einkaleyfi sem vernda þessa vél eru skráð á miða sem er staðsettur undir vélinni.

PFAFF, EXPRESSION, QUILT EXPRESSION og IDT eru skrásett vörumerki í eigu KSIN Luxembourg II, S.ar.l.



Vinsamegast athugið að þegar þessari vél verður fargað að það verði þá gert í samræmi við reglugerðir sem eru í gildi í því landi sem það verður gert um förgun á rafmagns og rafeindatækjum. Pfaff umboðið á þeim stað mun fúslega veita aðstoð.

Framleiðandi og umboðsaðili

VSM Group AB, **SVP Worldwide**, Drottningatan 2,
SE-56184, Huskvarna, SWEDEN
PFAFF hf, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík s: 414-0400

